



Líflegur hlutabréfamarkaður í sumar

Sumarmánuðirnir eru oft tími lítilla hreyfinga á hlutabréfamarkaði. Sumarið hefur verið heldur kalt hér á landi en spurning hvornig viðrað hefur á hlutabréfamarkaði. Hér verður farið stuttlega yfir verðþróun hérlendis og erlendis það sem af er ári¹.

Nær öll íslensk félög hafa hækkað í verði árinu

Flest félögin á íslenska hlutabréfamarkaðnum hafa hækkað í verði frá ársbyrjun 2015. Aðeins Hagar og TM hafa lækkað á árinu. N1, Marel, Össur og Icelandair eru þau félög sem hafa hækkað mest frá ársbyrjun. Ástæður hækkana hjá félögunum má fyrst og fremst finna í góðum uppgjörum á 4F 2014 og 1F 2015. Að sama skapi hefur orðið lækkun á verði félaga sem birtu uppgjör undir væntingum á sama tíma.

Töluverðar hækkunarir í sumar

Þegar einungis er litið til sumarmánaðanna (15. maí-14. ágúst) hafa öll félögin nema Hagar og TM hækkað á tímabilinu. N1, Icelandair og Sjóvá mest.


Úrvalsvísitalan (OMX18) hefur hækkað um 11% frá miðjum maí. Hækkunin nú er mun meiri yfir sumarmánuðina en undanfarin ár og ekki að sjá að hlutabréfamarkaðurinn hafi farið í sumarfrí.

Tryggingafélögunum hefur gengið misjafnlega í sumar, TM sýnu verst. Skýrist það líklega af fremur slæmum uppgjörum í vetur þar sem tjónahlutfall félagsins hækkaði töluvert umfram hinna félaganna.

Árið fór hægar af stað en á hinum Norðurlöndunum


Ólík þróun hefur verið á hlutabréfamarkaðnum hérlendis en á hinum Norðurlöndunum frá áramótum. Frá áramótum og fram í lok apríl varð ekki mikil hækkun á innlendum hlutabréfamarkaði samanborið við þá norrænu, OMX18GI úrvalsvísitalan (sem tekur tillit til arðgreiðslna) hækkaði um 9% á sama tíma og norræna vísitalan OMX Nordic 40 GI (sem tekur tillit til arðgreiðslna) hækkaði um rúmlega 20%. Í maí fór dæmið að

Verðþróun félaga í Kauphöll




Heimild: Kodiak

Breyting á úrvalsvísitölu



Heimild: Keldan

Hlutabréfavísitölur



Leiðrétt fyrir arðgreiðslum
Heimild: Bloomberg

¹ Í þessari Hagsjá eru verð félaga og vísitalna miðuð við tímabilin -1. janúar til 14. ágúst- og -15. maí til 14. ágúst-.



snúast við og um miðjan ágúst hafði OMXI8GI hækkað um 23% á árinu og OMX Nordic 40GI um 19%. Mun minni hækkanir hafa verið þegar litid er á heimsvísitöluna, en hún hefur einungis hækkað um 1,5% árið 2015 og lækkað um 3,2% frá miðjum maí.

Evrópsk hlutabréf hækkuðu meira en bandarísk það sem af er ári

Þegar þróun helstu hlutabréfavisitalna í heiminum það sem af er ári er skoðuð sést að allar hafa hækkað að Grikklandi undanskildu, en þeir glíma við mikla efnahagserfiðleika um þessar mundir.


Þrátt fyrir óróleika á kínverskum markaði hefur úrvalsvísitalan þar hækkað þegar horft er á árið í heild, en miklar hækkanir voru á þeim markaði í byrjun árs og nam hækkin þegar hæst stóð á árinu um 60%.

Bandarískar vísitölur hafa ekki hækkað jafn mikið og evrópskar. Landsframleiðslutölur í Evrópu hafa verið upp og ofan og vandræðin í kringum Grikkland hafa valdið skjálfta á mörkuðum. Hins vegar hafa fyrirtæki í Evrópu á sama tíma verið að skila góðum uppgjörum og óvissa um hversu mikið þarf að afskrifa af grískum skuldbindingum hefur tímabundið dregist saman. Þessi atriði ásamt mikilli peningaprentun Evrópska Seðlabankans (QE) og veiking evrunnar hafa stutt við hlutabréfamarkaði í Evrópu. Úrvalsvísitala Danmerkur hefur hækkað mest á árinu, um 34%. Það bætist við 20%hækkun árið 2014.

Ísland með mesta hækkun í sumar


Sumarið hefur ekki verið jafn gott fyrir erlenda markaði. Undanfarna 3 mánuði er það íslenska úrvalsvísitalan sem hefur hækkað mest (11%) og aðeins hefur verið hækkun á fjórum öðrum mörkuðum (á bilinu 2-4%). Hins vegar verður að taka tillit til þess að úrvalsvísitölur eru oft samsettar úr fáum fyrirtækjum og hækkun fárra fyrirtækja því gefið villandi mynd af þróun alls markaðarins. Í tilfalli Danmerkur, þar sem heilsugeirinn vegur yfir 50% í vísitölunni, hefur t.a.m. eitt líftækniyrirtæki sem framleiðir krabbameinslyf hækkað um rúmlega 170% undanfarna 12 mánuði. Svipaða sögu má segja um íslensku úrvalsvísitöluna. Icelandair og Marel t.d. vega um 53% í vísitölunni en þessi félög hafa sýnt bæði góðan vöxt og afkomubata á árinu.

Verðbreyting helstu vísitalna
-1. jan - 14 ágúst



Heimild: Infront, Kodiak

Breyting helstu vísitalna
-15. maí - 14 ágúst




Heimild: Infront, Kodiak



Aukið markaðsvirði íslenskra fyrirtækja í Kauphöll 15/8

Það sem af er ári hefur virði félaga á aðallista kauphallarinnar hækkað úr 588 ma.kr. í 795. Þar af er 76,5 ma.kr. hækkun vegna skráningu nýrra félaga á markað (Eik og Reitir) en á sama tíma hafa verið greiddir 24,3 ma.kr. í arðgreiðslur á árinu. Össur er langstærsta fyrirtækið á markaði (220 ma.kr.) en þar á eftir koma Marel (142 ma.kr.) og Icelandair (131 ma.kr.). Markaðsvirði skráðra félaga nemur því nú um 40% af landsframleiðslu.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.